



Sjalfsbjargar **HEIMILIÐ**

Ársskýrsla 2020

Lögð fram á landsfundi Sjalfsbjargar landssambands
hreyfihamlaðra þann 11. september 2021

Virðing – gæði – samvinna

EFNISYFIRLIT

1.	STJÓRN	5
2.	SJÁLFSBJARGARHEIMILIÐ	6
3.	STARFIÐ 2020	7
3.1	AÐGERÐIR VEGNA VIÐBRAGÐA VIÐ COVID-19 HEIMSFARALDRI	9
3.2	STARF STJÓRNAR	10
3.3	ÁVARP FORMANNS	10
3.4	SKRIFSTOFA	12
3.5	HEIMILI	13
3.6	ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ	15
3.7	ÞEKKINGARMIÐSTÖÐ	17
3.8	MÖTUNEYTI	17
3.9	FASTEIGNAUMSJÓN	18
4	ÁRSREIKNINGUR SJÁLFSBJARGARHEIMILISINS	19

Útgefandi:

Sjálfsbjargarheimilið
Hátúni 12, 105 Reykjavík
Sími: 5500300

Myndir:

Ýmsir

Samantekt og uppsetning:

Þórdís Rún Þórisdóttir

Ábyrgðarmaður:

Þórdís Rún Þórisdóttir
thordis@sbh.is

Hönnun, umbrot og prentun:

Gunnar Bjarni Guðmundsson / Pixel ehf.



1. Stjórn

Á landsfundi Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra árið 2018 var gerð sú breyting að landsfundur skipar ekki lengur sjálfstæða stjórn fyrir Sjálfsbjargarheimilið (SBH). Frá þeim tíma að telja er stjórn Sjálfsbjargar lsh. jafnframt stjórn SBH. Stjórnin er kjörin á landsfundi Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra í samræmi við lög samtakanna. Stjórnin fer með yfirstjórn SBH í umboði landsfundar Sjálfsbjargar lsh. Stjórnin er skipuð sjö einstaklingum og tveimur til vara.

Bergur Þorri Benjamínsson	Sjb. á höfuðborgarsvæðinu	formaður
Jón Heiðar Jónsson	Sjb. á Akureyri og nágrenni	varaformaður
Ásta Þ. S. Guðjónsdóttir	Sjb. á höfuðborgarsvæðinu	gjaldkeri
Margrét S. Jónsdóttir	Sjb. á Suðurnesjum	ritari
Ólafía Ósk Runólfsdóttir	Sjb. í Bolungarvík	meðstjórnandi
Guðni Sigmundsson	Sjb. á mið-Austurlandi	meðstjórnandi
Margrét L. Aðalsteinsdóttir	Sjb. á höfuðborgarsvæðinu	meðstjórnandi
Jón Eiríksson	Sjb. á höfuðborgarsvæðinu	varamaður
Guðmundur I. Kristinsson	Sjb. á höfuðborgarsvæðinu	varamaður



2. Sjálfsbjargarheimilið

Sjálfsbjargarheimilið var opnað í júlí árið 1973 af Sjálfsbjörg lands sambandi fatlaðra þegar fyrsti íbúinn flutti inn á heimilið. Um var að ræða nýja byggingu að Hátúni 12 í Reykjavík. Aðdragandinn að byggingunni á sér mun lengri sögu en fyrsta skóflustungan að henni var tekin árið 1966 og bar heimilið fyrstu árin nafnið Vinnu- og dvalarheimili Sjálfsbjargar en því var breytt árið 1995 í Sjálfsbjargarheimilið. Árið 1997 staðfestir stjórn skipulagsskrá fyrir SBH og segir þar m.a.: „Sjálfsbjargarheimilið er fyrir hreyfihamlað fólk er þarfnast aðstoðar og stuðnings við athafnir daglegs lífs. Markmið Sjálfsbjargarheimilisins er að: Gera íbúum kleift að lifa eins sjálfbjarga lífi og mögulegt er. Þess skal gætt að réttur þeirra til sjálfsákvörðunar sé virtur. Taka skal mið af þörfum hvers og eins og stuðla að innihaldsríku lífi.“

Starfsemin hefur síðan vaxið, dafnað og tekið umtalsverðum breytingum frá upphafi. Sjúkraþjálfun hófst (1978), dagvist er stofnuð (1979), sundlaugin er opnuð (1981). Rými fyrir skammtímadvöl er útbúið (1989), fyrsti iðjuþjálfinn ráðinn (1990), sjálfstæð stjórn SBH fyrst skipuð (1991). Endurhæfingaríbúð er tekin í notkun (1993), nýtt húsnæði vígt fyrir dagvistina (1994) og teknar í notkun tvær setustofur (1999). Þjónustumiðstöð Sjálfsbjargarheimilisins verður til við sameiningu iðjuþjálfunar og Dagvistar Sjálfsbjargarheimilisins (2002). Sjálfstæð búseta með stuðningi (2003) og þekkingarmiðstöð SBH stofnsett (2012), Hjálpartækjaleiga eitt af verkefnum þekkingarmiðstöðvar (2017). Þá hefur reksturinn stöðugt verið að taka breytingum og m.a. er áherslan núna á sjálfstæða búsetu með stuðningi og stærra íbúðarrými fyrir hvern íbúa. Á árinu var aukin áhersla sett á endurhæfingu (2020) og tekinn inn fyrsti íbúinn í slíkt prógramm. Vegna Covid-19 voru ekki fleiri teknir

inn þar sem húsnæðið er opið og erfitt að skipta því upp í sóttvarnarhólf. Framvegis verða teknir inn einstaklingar í tímabundna búsetu sem fara í endurhæfingu til allt að tveggja ára.

Mikil þörf er fyrir slíkt úrræði og með því að bjóða fólki uppá skammtímaendurhæfingu þá aukast líkur einstaklinga á að geta búið sjálfstætt en ekki inni á stofnunum eftir slyss eða veikindi.

SBH hlaut viðurkenninguna Fyrirmyndarstofnun árin 2006, 2008, 2009 og 2013 og hlaut svo viðurkenninguna Stofnun ársins 2014. Á árinu 2020 hlaut SBH viðurkenninguna „Hástökkvari ársins“ í flokki ríkis- og sjálfseignastofnana en þá fórum við upp um 48 sæti. Stofnun ársins er verkefni á vegum Sameykis.

Í skýrslunni er greint frekar frá starfsemi SBH. Sjálfsbjargarheimilið er rekið fyrir framlög úr ríkissjóði. Stofnunin er á föstum fjárlögum og hefur það fyrirkomulag verið við lýði frá árinu 1992.



3. Starfið 2020

Fjöldi stöðugilda var 52 á árinu 2020. Er það fækkun um 2 stöðugildi frá fyrra ári en tveir fastráðnir starfsmenn voru í fæðingarorlofi á árinu sem hefur áhrif á talningu. Heldur hefur stöðugildum fækkað um 2-3 á síðustu 5 árum en á þeim tíma var mikið um langtímaveikindi starfsmanna sem þýddi fjölgun tímabundinna stöðugilda á meðan starfsmenn nýttu veikindarétt.

Á árinu 2019 var farið af stað með tilraunaverkefni sem snéri að vinnutímastyttingu og var því áframhaldið á árinu 2020. Mæltist þetta vel fyrir hjá starfsmönnum og kom ekki niður á þeirri þjónustu sem er veitt. Eftir að farið var að stytta vinnuviku var fylgst með fjölda veikindadaga starfsmanna og hefur þróunin sýnt fækkun á veikindadögum sem er ánægjulegt. Á árinu 2020 voru veikindadagar starfsmanna 2031 og veikindi vegna barna voru 37,5 dagar. Fjöldi veikindadaga starfsmanna árið á undan var svipaður eða 2125 svo að enn fækkar þessum dögum eitthvað. Á árunum þar á undan var fjöldi veikindadaga starfsmanna rétt um 3000 svo að það hefur náðst góður árangur á síðustu árum.

Lögð var áhersla á fésbókarsíðu starfsmanna á árinu enda sýndi það sig að hún er góður vettvangur til að miðla upplýsingum til starfsmanna. Farið var að birta tilkynningar og fréttir á íslensku og ensku þar sem hluti starfsmanna er af erlendum uppruna og það auðveldar þessum hópi að fylgjast með því sem er að gerast í starfseminni. Starfsmenn eru einnig hvattir til að koma upplýsingum inn á síðuna sem skipta máli fyrir starfsemina og aðra starfsmenn. Haldið verður áfram að nota þennan miðil til að ná til starfsmanna þar sem starfsemin er dreifð

um húsið og aðeins lítill hluti starfsmanna vinnur við tölvur í sínum störfum.

Ýmislegt var gert með starfsmönnum á árinu en þó minna en venjulega vegna ástandins vegna kórónuveirunnar. Í febrúar var þorramatur á boðstólum og þeir sem vildu mættu í lopapeysum. Hljómlistarmenn voru fengnir til að spila undir mat og skemmti það öllum. Í febrúar tók Sjálfsbjargarheimilið þátt í Lífshlaupinu í fyrsta sinn og endaði í 22 sæti. Stefnt er að því að taka aftur þátt að ári og ná betri árangri. Í febrúar var boðið upp á heilsufarsmælingu fyrir starfsfólk og var þátttaka góð. Hjúkrunarfræðingarnir mældu blóðsykur, blóðfitu og blóðþrýsting. Ef einhver var með hækkandi gildi var honum vísað til læknis. Í gegnum árin hefur verið boðið upp á þessa skoðun og á hverju ári er einhverjum vísað áfram til læknis svo að slíkrar heilsuætlingar hafa sannað gildi sitt.

Í mars tóku starfsmenn þátt í könnun um Stofnun ársins eins og fyrri ár. Í þetta sinn náðum við 49% þátttöku sem er lægri kantinum en starfsmönnum var boðið að svara könnunni á vinnutíma og þeir höfðu aðgang að tölvum til að svara.



Starfsmönnum innan handar voru trúnaðarmenn og aðrir samstarfsmenn. Niðurstöðurnar sem birtar voru um haustið sýndu ánægjulegan árangur þar sem Sjálfsbjargarheimilið var hástökkvari ársins meðal ríkis- og sjálfseignarstofnana og náði að hækka sig um 48 sæti milli ára sem er frábær árangur. Áfram verður unnið markvisst með niðurstöðurnar og hluti af þeirri vinnu eru starfsmannasamtöl sem voru haldin á seinni hluta ársins en að þessu sinni var rætt um samskipti og starfsanda.

Allir starfsmenn fengu páskaegg í gjöf frá heimilinu en þetta árið var ekki farið í starfsmannaferð um vorið vegna samkomutakmarkana og engin árshátíð var haldin. Starfsmenn fengu í staðinn gjafabréf til að fara út að borða. Starfsdagur sem haldnir hafa verið að hausti voru felldir niður.

Í júní var samkomutakmörkunum aflétt og nýtti starfsmannafélag Sjálfsbjargarheimilisins tækifærið og bauð starfsfólki í keilu og pizzu í Egilshöll. Mikil ánægja var meðal starfsmanna með viðburðinn og var mæting góð.

Töluvert var endurnýjað innanhúss á árinu. Aðstaða starfsmanna sundlaugar var tekin í gegn sem og aðstaða starfsmanna eldhúss. Húsgögn voru endurnýjuð í Þjónustumiðstöðinni, innréttað viðtalsherbergi og málað í hvíldarherbergi og á salernum Þjónustumiðstöðvar. Í heimilishlutanum var málað og endurnýjuð húsgögn í kaffistofu/samverurými íbúa, stólar yfirdekkir og skipt um önnur húsgögn. Allar þessar framkvæmdir voru orðnar löngu tímabærar og mikil þörf var fyrir endurnýjun á ýmsum húsbúnaði. Í lok ársins voru svo málaðir íbúagangar í álmu hússins, endurnýjuð húsgögn og gardínur en þetta var allt komið til ára sinna.

Ýmislegt var gert til að létta lund íbúa og þjónustuþega á árinu og í apríl kom sönghópurinn Lóurnar og sungu fyrir alla í garðinum. Í desember kom Aðventuvagn Þjóðleikhússins og skemmti íbúum með söng. Svalirnar voru nýttar vel um vorið og sumarið og venju samkvæmt voru gróðursett blóm og svalirnar gerðar huggulegar fyrir sumarið. Grillað var um sumarið og farið með íbúa í Grasagarðinn og í Perluna í kaffi þegar færi gafst. Starfsmenn og íbúar klæddu sig upp á Hrekkjavöku og héldu jólapéysudag fyrir jólin. Sett voru upp jólatré á stigapöllum og lagt í að skreyta þau með fallegum ljósum. Þetta gladdi bæði íbúa og starfsmenn.

Mikið framfaraskref var tekið á árinu þegar reykerbergi 5. hæðar var lokað. Útbúin var aðstaða fyrir utan húsið sem er upphituð en reykingar höfðu truflað marga á meðan þær voru leyfðar innanhúss þar sem lítill hluti íbúa reykir.

Á árinu 2020 dvöldu að jafnaði 29 íbúar á Sjálfsbjargarheimilinu og njóta þeir fullrar hjúkrunar- og endurhæfingarpjónustu. Þar af eru 8 íbúar sem dvelja í herbergjum á 5. hæðinni í B-álmu og 21 íbúar sem búa sjálfstætt í íbúðum í C-álmunni. Aðeins einn einstaklingur var



tekinn inn áður en Covid-19 skall á og er hann í endurhæfingarpjónustu.

Starfsemi inntökuteymis var með breyttu sniði á árinu að því leyti að engir voru teknir inn vegna Covid-19 faraldursins. Hlutverk inntökuteymis er að fjalla um umsóknir og meta endurhæfingarpörf umsækjenda. Að teyminu koma hjúkrunarfræðingar og iðjuþjálfar og lögð hefur verið áhersla á meiri samvinnu milli eininga innan Sjálfsbjargarheimilisins.

Covid-19 hafði mikil áhrif á rekstur Þjónustumiðstöðvarinnar á árinu þar sem henni var lokað í fyrstu bylgju. Fjöldi einstaklinga sem hafa notið þjónustunnar var aðeins færri á árinu en vanalega vegna Covid-19 þar sem sumir þjónustuþegar treystu sér ekki út úr húsi vegna hræðslu við smit. Pláss er fyrir 60 manns að öllu jöfnu en á árinu 2020 voru 53 manns sem sóttu þjónustu til Þjónustumiðstöðvarinnar. Áhersla er á að umsækjendur séu á aldrinum 18 til 67 ára en eftir 67 ára er gert ráð fyrir takmarkaðri þjónustu. Þjónustumiðstöðin gegnir veigamiklu hlutverki í endurhæfingu og inntökuteymi.

Þekkingarmiðstöðin hefur verið að þróa sína starfsemi og hefur megináhersla verið á þjónustu í gegnum vefsíðu. Útleiga hjálpartækja hefur gengið ágætlega en Þekkingarmiðstöðin annast móttöku beiðna um leigu.

Rekstur mótuneytisins hefur verið jafn og gengið vel og er almenn ánægja með matinn og fyrirkomulag hans. Vikulega er boðið upp á grænmetisrétti og dregið hefur verið úr óhollum eftirrættum og boðið frekar upp á ávexti.

Rekstur fasteignarinnar og lóðar er alltaf þungur og þyrfti miklu meira fjármagn ef uppfylla ætti

allar óskir. Á árinu var viðhaldi sinnt í þökum lægri bygginga og dyttað að ýmsu innanhúss og málaðir gangar og sameiginleg rými.

Sundlaugin er komin til ára sinna en þjónar ennþá sínu hlutverki. Útleiga á lokuðum tímum er stöðug og aðgangsstýringarkerfi sem varð virkt 1. febrúar fyrir notendur laugarinnar gekk vel. Bætt var við hjartastuðtæki við laugina og endurnýjaður standlyftari. Ekki hefur tekist að endurnýja lyftubúnað við laugina en það er mikilvægt að það verði gert í náinni framtíð. Þegar starfsmaður mætti til vinnu í nóvember hafði sundlaugin tæmst yfir helgina. Það er óvenjulegt en bilun hafði orðið í búnaði sem olli því að laugin tæmdi sig. Það kom ekki að

sök fyrir notendur þar sem laugin var á þessum tíma lokuð samkvæmt tilskipun sóttvarnarlæknis vegna Covid-19.

Fjárhagslegur rekstur SBH var viðunandi á árinu 2020. Rekstrinum er fylgt vel eftir og var hann að mestu samkvæmt áætlun en vissulega eru breytingar á gjaldaliðum þar sem aldrei í sögu Sjálfsbjargarheimilisins hefur verið keypt jafnmikið af sótthreinsi spritti. Töluverð yfirvinna var á árinu vegna skiptinga á starfsfólki í sóttvarnarhólf sem kallaði á meiri yfirvinnu. Mestu skiptir að það tókst að halda launalið nálægt áætlun en það er stærsti rekstarliður Sjálfsbjargarheimilisins. Úrdráttur úr ársreikningi fylgir með aftast í skýrslunni.

3.1 Aðgerðir vegna viðbragða við Covid-19 heimsfaraldri

Rétt eins og annars staðar í samfélaginu hafði Covid-19 vírusinn mikil áhrif á dagleg störf hjá Sjálfsbjargarheimilinu á árinu. Engan óraði fyrir þeim breytingum áttu eftir að eiga sér stað í rötgróinni starfsemi og óhætt er að segja að öllu hafi verið snúið á hvolf þegar Covid-19 fór að dreifast um samfélagið. Í gegnum árið unnu allir starfsmenn Sjálfsbjargarheimilisins þétt saman. Með árvekni, vönduðum vinnubrögðum og varkárri hegðun í frítíma tókst að koma í veg fyrir að smit bærst inn í húsið. Stjórnendur unnu í nánu samstarfi við að greina starfsemina og hólfa hana niður til að koma í veg fyrir að smit færu á milli eininga ef svo illa færi að smit bærst í húsið. Sjálfsbjargarheimilið var þátttakandi í samráðshópi Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu, Almanna- og Landlæknisembættisins. Samstarfið leiddi til þess að viðbrögð stofnana voru samræmd og íþyngjandi ákvarðanir voru teknar samkvæmt leiðbeiningum Landlæknisembættisins og Almanna- og Landlæknisembættisins.

Strax í byrjun mars funduðu stjórnendur um viðbrögð og hugsanlega lokanir vegna Covid-19 og þann 7. mars var tekin ákvörðun um að loka húsinu fyrir utanaðkomandi til að verja íbúa. Í framhaldi var þjónustumiðstöðinni og sundlauginni lokað 9. mars. Aðgengi í matsal var takmarkað og læst var milli rýma innanhúss. Starfsmenn skrifstofu unnu að einhverju leyti heima og starfseminni var skipt upp í sóttvarnarhólf. Vaktir voru ekki lengur fljótandi og skýr aðgreining var á milli starfsmanna til að takmarka fjarveru þeirra ef upp kæmi smit. Svona gekk þetta fram á sumarið en þá létti aðeins til og takmarkanir voru rýmkaðar. Í ágúst var aftur lokað og aðgreint í sóttvarnarhólf þar sem faraldurinn fór á flug í samfélaginu. Slíkar aðgreiningar voru viðhafðar í ýmsum útfærslum út árið.

Faraldurinn kom illa við íbúa og þjónustuþega í þjónustumiðstöð. Eftir fyrstu bylgjuna var lögð



áhersla á að þjónusta þá sem áttu heima út í bæ í þjónustumiðstöðinni og áhersla var á að hlúa að íbúum innan heimilisins svo að þessir hópar væru ekki að blandast saman vegna smithættu. Heimsóknarbann var um tíma og þrengt var verulega að aðgengi til íbúa. Í staðinn lagði starfsfólk meiri áherslu á að hafa skemmtilegar samverustundir innan heimilisins og tókst það miklum ágætum. Það var svo undir lok árs sem íbúar og þjónustuþegar fengu bólusetningu og var því fagnað. Bólusetning starfsmanna hefst á árinu 2021.

Það hefur margt lærst af því að fara í gegnum heimsfaraldur og ljóst er að sumar breytingar eru komnar til að vera. Upplýsingamiðlun og fræðsla var lykilatriði þegar kom að samskiptum við starfsfólk og var fésbókarsíða starfsmanna notuð til að ná til allra. Það koma í ljós mörg flækjustig þegar faraldur gengur yfir og við sjáum veika sem og sterka hlekki koma í ljós. Starfsmönnum er þakkað framlag þeirra í þessari baráttu því án samstilltra upplýstra starfsmanna og smá heppni aukreitist hefði leikurinn auðveldlega getað farið á annan veg.

3.2 Starf stjórnar

Helstu verkefni stjórnar eru að taka ákvarðanir í öllum meiriháttar málum er varðar starfsemi SBH, svo sem að móta stefnu fyrir heimilið, samþykkja rekstrar- og fjárhagsáætlanir hvers árs og öll meiriháttar útgjöld. Ársreikningur SBH er lagður fram á ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra sem samþykkja ársreikninginn með undirskrift sinni. Skýrsla SBH og ársreikningur er kynnt á árlegum landsfundum Sjálfsbjargar Ish. Framkvæmdastjóri SBH er ráðinn af stjórn og annast hann daglegan rekstur SBH.

Haldnir eru stjórnarfundir að jafnaði mánaðarlega. Þó falla niður stjórnarfundir yfir hásumarið og í kringum jól og páska. Á árinu hélt stjórnin sjö formlega bókaða stjórnarfundum og í lok árs höfðu alls verið haldnir 221 stjórnarfundir frá upphafi skipunar stjórnarinnar árið 1991. Fundarhald var óvanalegt á árinu þar sem flestir fundir stjórnar voru fjarfundir vegna Covid-19 faraldursins. Fundirnir gengu vel og voru stjórnarmenn fljótir að aðlaga sig að breyttu fyrirkomulagi.

Við upphaf hvers stjórnarfundar er farið yfir fundargerð síðasta fundar og hún lögð fram til samþykktar. Á árinu komu ýmis mál til umræðu. Reglulega er rætt um fjármál og lagt er fram ársfjórðunaruppgjör reglulega yfir árið. Í byrjun árs er lagt fram bráðabirgðauppgjör og fjárhagsáætlun fyrir komandi ár.

Breytingar á skipulagi eru lagðar fyrir stjórn og á árinu samþykkti stjórn m.a. breytingar á skipulagi sundlaugar og Þekkingarmiðstöðvar. Lögð var fram tillaga um breytingu á nafni svo að nafnið myndi lýsa betur starfsemi en sú tillaga verður lögð fyrir Landsfund. Sagt er frá fundum með 7 manna nefnd sem er fundur með fulltrúum íbúa, starfsmanna og stjórnenda. Færri fundir voru á árinu en vanalega út af covid en þessi fundir verða haldnir aftur um leið og það er hægt.

3.3 Ávarp formanns

Stjórn samtakanna hélt sjö formlega bókaða stjórnarfundum á árinu 2020 og í lok árs höfðu alls verið haldnir 221 stjórnarfundir frá upphafi skipunar stjórnar árið 1991. Breytt fyrirkomulag var á fundum þessa árs þar sem flestir fundirnir voru fjarfundir og gekk vel að halda fundina með þeim hætti.

Helstu verkefni starfsárins tengdust heimsfaraldrinum Covid-19 og baráttunni við að halda þessum faraldri fyrir utan Sjálfsbjargarheimilið. Mikill tími og orka stjórnenda fór í þessa vinnu og einkenndi hún starfið allt árið. Í upphafi árs var húsinu lokað og umgengni takmörkuð. Í kjölfarið fylgdi heimsóknarbann og einangrun eins og annars staðar í samfélaginu. Það var



Ákveðið var að færa reykingarherbergi 5. hæðar út fyrir húsið og er Sjálfsbjargarheimilið reyklusinn vinnustaður. Umræða um aðgerðir vegna viðbragða við Covid-19 voru fyrirferðar miklar á fundum stjórnar þar sem mikilvægt var að upplýsa stjórn um þau viðbrögð sem gripið var til. Öll viðbrögð voru samkvæmt tilmælum samráðshóps Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu, Landlæknis og Almannaavarna. Mikil samskipti voru á árinu við aðstandendur þar sem reglur um heimsóknir breyttust í takt við ástand hverju sinni í samfélaginu vegna smita. Sagt var frá samskiptum við Heilbrigðisráðuneytið en á árinu kallaði það eftir gögnum og fengu þau send.

Rætt var um niðurstöður Stofnunar ársins 2020 en Sjálfsbjargarheimilið var hástökkvari ársins. Sagt var frá starfsmannasamtölum og fyrirhuguðum kjarasamningsbreytingum en í komandi kjarasamningum á að stytta vinnuvikuna. Rætt var um heimasíðu sem hefur verið eyðilögð af tölvuþrjútum og sett verður upp ný heimasíða. Á árinu stóð upp úr aðgerðir vegna Covid-19 og vissulega voru þær aðgerðir tímafreakar bæði í daglegu starfi og á stjórnarfundum.

vissulega erfitt skref en miðað við reynslu annarra hjúkrunarheimila var til mikils að vinna að halda veirunni frá íbúum. Hefði hún komist inn í húsið hefði geta farið mjög illa. Allt var gert til að létta íbúum lífið á meðan á þessu stóð og það tókst að halda Covid-19 frá íbúum sem er mikið afrek. Þjónustumiðstöðinni var lokað um tíma en opnaði svo aftur og þjónustuþegar hennar voru aðskildir frá íbúum heimilisins vegna sóttvarnarráðstafana. Undir lok ársins fengu íbúar sína fyrri bólusetningu og þjónustuþegar í Þjónustumiðstöðinni. Var þeim áfanga fagnað og fylgdi þessu mikill léttir bæði fyrir íbúa og þjónustuþega en ekki síður fyrir starfsmenn í aðhlyningu sem fengu bólusetningu í kjölfarið.

Kann ég stjórnendum og starfsmönnum Sjálfsbjargarheimilisins miklar þakkar fyrir þeirra

framlag og árvekni í þessari baráttu. Það er ljóst að þegar slíkur faraldur gengur yfir þá er öllum settar miklar hömlur og ekki síður starfsfólki og hegðun þeirra fyrir utan vinnu sem verður allt í einu mjög mikilvægur þáttur sem er óvanalegt í venjulegu árferði.

Stjórn var vel upplýst um aðgerðir stjórnenda á hverjum tíma fyrir sig og var upplýsingaflæði lykilþáttur. Samstarf Sjálfsbjargarheimilisins við Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu, Almannaþingarnir og Landlækni vegna viðbragða við Covid-19 faraldrinum varð til þess að öll viðbrögð voru fúmlaus og fagleg.

Reksturinn var með hefðbundnu móti en þó má sjá lægri tekjur vegna t.d. útleigu sundlaugar en loka þurfti sundlauginni vegna heimsfaraldursins. Einnig var yfirvinna starfsmanna meiri en gert var ráð fyrir þar sem starfsfólki var skipt í sóttvarnarhólf sem þýddi að þeir fóru ekki milli deilda í afleysingar. Einnig er hærri kostnaður vegna sóttthreinisvara en verið hefur. Heilt yfir gekk reksturinn ágætlega.

Töluvert var endurnýjað af búnaði innanhúss á árinu. Þjónustumiðstöðin fékk ný húsgögn, sett var upp viðtalsherbergi, málað hvíldarrými og á salernum. Allt annað yfirbragð er nú á húsnæðinu en tími var komin til að endurnýja og mála. Í heimilishlutanum voru málaðar kaffistofur íbúa og endurnýjuð húsgögn í sameiginlegum rýmum. Einnig var ýmis búnaður endurnýjaður sem nýtist í daglegu starfi. Kaffiaðstaða hjá starfsfólki sundlaugar og starfsfólki eldhúss var tekin í gegn, endurnýjuð húsgögn og málað. Allt eru þetta þættir sem hafa áhrif á líðan starfsfólks í vinnu svo að ekki sé talað um líðan þeirra sem sækja þjónustu til Sjálfsbjargarheimilisins.

Haldið var áfram með tilraunaverkefni um styttingu vinnuvikunnar og hafa starfsmenn verið ánægðir með þetta verkefni. Veikindadagar starfsmanna eru um 2000 á ári en þeim hafði fækkaði um 30% frá fyrri árum. Haldið var áfram með starfsmannasamtöl og Sjálfsbjargarheimilið fékk þann heiður að vera hástökkvari ársins samkvæmt niðurstöðum könnunnarinnar um Stofnun ársins 2020. Sjálfsbjargarheimilið hækkaði sig um 48 sæti milli ára og er virkilega gaman að sjá þennan árangur. Unnið verður markvisst að því að bæta þennan árangur enn frekar á komandi ári.

Á árinu áttu nokkrir starfsmenn starfsafmæli og ber þar að nefna að Valerie Harris forstöðukona Þjónustumiðstöðvar og yfiriðjupjálfi átti 30 ára



Bergur Þorri Benjamínsson

starfsafmæli. Helga Guðmundsdóttur hjúkrunarfræðingur átti 25 ára starfsafmæli, Sigrún Heimdal starfsmaður í aðhlyningu átti 15 ára starfsafmæli og Sigríður Davíðsdóttir sjúkraliði átti 15 ára starfsafmæli. Vil ég nota tækifærið og þakka þessum starfsmönnum og öðrum fyrir vel unnin störf í þágu heimilisins.

Á árinu 2020 átti að taka veigamikil skref til breyttrar áherslu með því að auka vægi endurhæfingar. Sú vinna náðist ekki sem skyldi vegna Covid-19 en haldið verður áfram með þetta verkefni á komandi ári og verður spennandi að þróa breytta þjónustu. Það er afar mikilvægt að Sjálfsbjargarheimilið nái að búa sér til ákveðna sérstöðu, slíkt styrkir ekki aðeins stöðu Sjálfsbjargarheimilisins heldur samtakanna líka. Ég lít björtum augum til framtíðar og bind vonir við að áform okkar verði Sjálfsbjargarfélögum, íbúum Sjálfsbjargarheimilisins, þjónustuþegum í Þjónustumiðstöð Sjálfsbjargar og öllum starfsmönnum samtakanna til heilla.

Ég vil að lokum þakka stjórnarmönnum og starfsmönnum Sjálfsbjargarheimilisins fyrir vel unnin störf í þágu þess á liðnu ári.

Bergur Þorri Benjamínsson

Formaður stjórnar Sjálfsbjargar Ish.

3.4 Skrifstofa

Skrifstofan þjónar starfseiningum Sjálfsbjargarheimilisins hvað varðar bókhald, launamál, starfsmannahald, fjármál og daglegan rekstur.

Dórdís Rún Dórisdóttir er framkvæmdastjóri SBH í 100% stöðu og hefur starfað hjá Sjálfsbjargarheimilinu síðan 2017. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á á öllum daglegum rekstri Sjálfsbjargarheimilisins gagnvart formanni stjórnar. Honum er jafnframt ætlað að vinna að stefnumótun og þróun framtíðarmarkmiða, sem og að koma stefnu stjórnar í framkvæmd. Framkvæmdastjóri hefur með höndum upplýsingagjöf út á við og ber ábyrgð á gerð fjárhagsáætlana. Annast samskipti við opinbera aðila og erlenda aðila. Síðan heldur hann reglulega samráðsfundi með forstöðumönnum einstakra rekstrareininga.

Hulda Gísladóttir er skrifstofustjóri í 100% stöðu. Hulda hóf störf 1. febrúar 2020 og sem skrifstofustjóri ber hún ábyrgð á öllu skrifstofuhaldi Sjálfsbjargarheimilisins, ábyrgð á bankareikningum og ábyrgist greiðslur til viðskiptamanna. Hefur yfirumsjón með starfsmannamálum, ber ábyrgð á tölvubúnaði, situr í gæðateymi og hefur umsjón með framkvæmd verkefna vegna nýrra persónuverndarlaga sem tóku gildi á árinu.

Kristín Rós Andrésdóttir er bókarí og launafulltrúi Sjálfsbjargarheimilisins í 80% stöðu en hún hefur starfað á heimilinu frá árinu 2008. Hún ber ábyrgð og færir allt bókhald, stemmir af og annast samskipti við endurskoðendur. Hún ber einnig ábyrgð á útreikningi launa og afstemmingum því tengdu.

Aðstaða

Skrifstofan er á þriðju hæð í Sjálfsbjargarhúsinu og hefur verið þar síðan í október 2014. Þar höfum við komið okkar vel fyrir og nýttist aðstaðan vel undir starfseminu sem þar fer fram. Skrifstofan er vel útbúin með tækjum og áhöldum og reynum við að uppfæra búnað eins og mögulegt er hverju sinni.

Fjármál

Eins og sjá má í ársreikningi SBH fyrir árið 2020 var rekstarframlagið frá ríkinu 714,3 milljónir króna á móti 694,2 milljónum króna árið 2019. Hækkunin var rúmar 20 milljónir milli ára. Aðhaldsaðgerðum var viðhaldið og var rekstarafgangur á árinu. Helsti gjaldaliðurinn er launaliðurinn og var hann undir áætlun á árinu þrátt fyrir að kjarasamningsbundnar hækkanir hafi komið til greiðslu á árinu 2020 sem tóku til launabreytinga aftur til ársins 2019. Liðurinn Annar rekstarkostnaður var 136,4 milljónir króna á árinu 2020, 142,8 milljónir á árinu 2019 og 134 milljónir króna á árinu 2018. Þessi liður hefur lækkað um 6,4 milljónir milli ára.

Þegar tekið er tillit til fjármagnsliða er rekstrarniðurstaða ársins 2020 jákvæð sem



Dórdís Rún Dórisdóttir



Hulda Gísladóttir




Kristín Rós Andrésdóttir

nemur tæpum 29 milljónum. Þetta er örlítið hærra ef miðað er við fyrra ár og viðunandi miðað við rekstur fyrri ára. Að öðru leyti er vísað á ársreikninginn sem fylgir með aftast í þessari skýrslu.

Sundlaug

Sundlaugin er innilaug, sem er sérstaklega útbúin fyrir hreyfihamlaða og því með góðu aðgengi og lyftubúnaði. Laugin er 16.67 metrar á lengd og er vatninu haldið 32 gráðu heitu að jafnaði. Hún er opin á fyrirfram ákveðnum tímum fyrir þá sem hafa sundkort og er einnig leigð ýmsum hópum eftir samkomulagi. Þar á meðal er hún nýtt til þjálfunar og endurhæfingar fyrir íbúa heimilisins og gesti Þjónustumiðstöðvar. Eftirspurn eftir lokuðum tímum í lauginni hefur haldist stöðug og alls voru skráðar 3899 heimsóknir á árinu 2020.

Árið var ólíkt öðrum þar sem loka þurfti sundlauginni vegna sóttvarnarreglna og takmarka hefur þurft fjölda gesta hverju sinni vegna sóttvarna. Vegna Covid-19 hefur sóttthreinsun aukist mikið á árinu og stytta hefur þurft opna tíma til að sinna sóttvörnum en sóttthreinsað er á milli hópa sem koma í laugina. Þann 7. mars var sundlauginni lokað vegna Covid-19 smita í samfélaginu og hún opnaði ekki aftur fyrr en 18. maí. Opið var fram til 7. október en þá var fyrirskipað að loka sundlaugum og hún opnað aftur 10. desember 2020. Í Covid-19 faraldinum hefur þurft að fækka gestum sem



koma hverju sinni vegna fjöldatakmarkana en laugin var lokað í um 4 mánuði á árinu vegna sóttvarnarreglna sem hefur aldrei gerst áður í sögu sundlaugarinnar.

13

3.5 Heimili

Alda Ásgeirsdóttir hjúkrunarfræðingur er sviðstjóri hjúkrunar hjá Sjálfsbjargarheimilinu. Markmið heimilisins er að veita endurhæfingu þar sem komið er til móts við hvern og einn íbúa í samræmi við óskir og þarfir viðkomandi og þannig stuðlað að eins innihaldsríku lífi og kostur er.

Búseta og starfsfólk

Búseta íbúa á Sjálfsbjargarheimilinu er tvíþætt. Annars vegar búa einstaklingar í herbergjum og hins vegar í litlum íbúðum. Einnig eru tvö pláss sem nýtt eru til hvíldar- og endurhæfingar fyrir einstaklinga. Á árinu 2020 dvöldu að jafnaði 29 íbúar á Sjálfsbjargarheimilinu og eru þeir með fulla hjúkrunar- og endurhæfingarpjónustu. Þar af voru 8 íbúar sem dvöldu í herbergjum á 5. hæðinni í B - álmu og 21 íbúi sem bjó sjálfstætt í íbúðum í C- álmunni. Covid - 19 setti sitt mark á starfsemi og voru hvíldar og endurhæfingarrými á 5. hæð lítið notuð á árinu sökum þess.

Það hefur gengið vel að fá starfsfólk til vinnu. og er starfsmanna hópurinn búinn að standa sig alveg ótrúlega vel á þessu erfiða ári. Hópnum hefur verið skipt upp í hólf meira og minna allt



Alda Ásgeirsdóttir

árið, með smá hléi í sumar. Starfsfólkið hefur verið fljótt að bregast við ef veikindi hafa komið upp, sem er ómetanlegt. Starfsmannasamtöl voru tekin í nóvember, þar sem rætt var um samskipti og starfsanda.

Læknar koma áfram frá Heilsuvernd ehf. á fund einu sinni í viku, þar sem farið er yfir mál íbúanna, eftir þörfum. Þess utan eru þeir á bakvöktum kvöld, nætur og um helgar og á helgidögum. Þetta fyrirkomulag á læknaþjónustu hefur hentað okkur vel.

Faglegt starf

Innlagningarteymið, sem samanstendur af hjúkrunarfræðingum og iðjuþjálfurum hittist yfirleitt einu sinni í mánuði til að fara yfir umsóknir sem berast til Þjónustumiðstöðvar, heimilisins og fyrir hvíldarinnlagir. Innlagningarteymið fundaði minna þetta árið sökum Covid-19, þar sem ekki voru teknir inn nýir einstaklingar. Þetta starf stendur til bóta og er þessi vinna í tölverðri þróun.

Teymisfundir eru haldnir að meðaltali einu sinni í mánuði þar sem sitja hjúkrunarfræðingar og iðjuþjálfarar. Fundirnir eru mikilvægir fyrir gott samstarf þessara stétta og til að fylgja málum íbúa eftir. Færri fundir voru haldnir þetta árið vegna Covid-19 þar sem starfsfólk var allt í sitthvorum sóttvarnarhólum stórum hluta ársins og hittist helst ekki.

Gæðateymi fundaði einnig lítið vegna Covid-19 og sökum þess að áherslur voru aðrar þetta árið þar sem starfsfólk gat ekki hist í hópum. Reynt var að halda úti örfræðslu fyrir litla hópa og gekk það vel, en fræðsla fyrir starfsfólk er í höndum tveggja hjúkrunarfræðinga.

Innlagningarteymi þurfti einnig að fresta mikið af sínum fundum á árinu, enda enginn tekinn inn meðan á Covid-19 faraldrinum stóð. Þessi teymisvinna er í einnig í þróun.

Starfsemi ársins

Öll starfsemi ársins einkenndist af Covid-19 og því var margt sett á bið sem stóð til að gera. Það var t.d. upplestur frá Rauða Krossinum einu sinni í viku, sem var kominn vel af stað og einnig var fyrirhugað að fá djákna í heimsókn reglulega frá Háaleitiskirkju. Hundaheimsóknir voru líka ofarlega á blaði.

Boðið var upp á þorramat í matsal eins og venja er og komu harmonikkuleikararnir Hildur Petra og Jónas og héldu uppi stuðinu. Íbúar komu niður í matsal í litlum hópum og gekk það mjög vel.

Sönghópurinn Lóurnar komu og skemmtu okkar fólki í apríl og veitti það íbúum og starfsfólki mikla ánægju. Þau sungu úti í garði og sat okkar fólk á svölunum og hlustaði. Það var góð tilbreyting á þessu erfiðu tímum. Starfsfólkið bakaði tertur fyrir íbúana og það var fundið upp á ýmsu til að stytta fólki stundir í Covid, eins og Boccia og Bingo, sem var haldið reglulega, með flottum vinningum. Einnig voru framhaldssögur spilaðar af Storytel og mátti heyra saumnál detta þegar þær voru í gangi.

Þar sem sumarið var gott náðist að setja niður sumarblóm í potta og ker eins og venja hefur



verið undanfarin ár. Íbúar eru duglegir að hjálpa til og þess má geta að útiaðstaða við húsið er mikið notuð á sumrin og hvert tækifæri notað til að fá sér kaffi úti, sitja í sólbaði og spjalla og einnig er grillað á góðum dögum.


Í desember kom síðan Aðventuvagn Þjóðleikhússins með sýninguna Samt koma jólin, þar sem sungið var og leikið úti í garði hjá okkur, við mikla hrifningu. Jólin og áramótin voru með öðru sniði þetta árið, þar sem allir íbúar voru á heimilinu og ekki leyfilegt að fara heim til aðstandenda. Ekki var mögulegt að hafa alla saman í hátíðarkvöldverði í matsal, svo dekkjað var upp á 4. og 5. hæðinni. Allir lögðust á eitt að gera þessa daga sem notalegasta og tókst það vel með góðri samvinnu starfsfólks.

3.6 Þjónustumiðstöð

Valerie J. Harris iðjubjálfi er forstöðumaður og yfiriðjubjálfi þjónustumiðstöðvar. Markmið þjónustumiðstöðvar Sjálfsbjargar (ÞMS) er að veita endurhæfingu og stuðningsþjónustu sem gerir einstaklingum kleift að viðhalda og eða auka færni, búa lengur í eigin húsnæði og vera virkir þátttakendur í samfélaginu. Þjónustan byggir á ákveðinni hugmyndafræði um endurhæfingu og heilsufar frá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni (WHO). Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur skilgreint endurhæfingu sem:

Endurhæfing er röð íhlutana sem þörf er á fyrir fólk sem býr við eða er líklegt að verði fyrir takmörkunum á færni í daglegu lífi vegna öldrunar og heilsubrestra, þ.m.t langvinnra sjúkdóma eða raskana, áverka eða slysa. Slíkar hömlur geta verið vegna skerðingar á hugrænni getu, sjón, heyrn, samskiptafærni, getu til að komast um, tengslamyndun eða starfsgetu. Endurhæfing eflir fólk á öllum aldri til að viðhalda eða ná aftur færni í daglegu lífi, lifa innihaldsríku lífi og hámarka lífsgæði. Endurhæfing er einstaklingsmiðuð heilsufarsaðgerð sem getur farið fram innan sérhæfðar endurhæfingarþjónustu (oft fyrir fólk með flóknar þarfir) eða sem hluti af annarri þjónustu vegna heilsubrestra eða fötlunar, til dæmis heilsugæslu, geðheilbrigðisþjónustu eða þjónustu við fólk með sjón- eða heyrnarskerðingu (Heilbrigðisráðuneytið, 2020)

Myndin fyrir neðan frá Alþjóðlega flokkunarkerfinu um færni, fötlun og heilsu (WHO 2015) lýsir hvernig færni einstaklings á ákveðnu sviði ákvarðast af mjög flóknu samspili heilsufars og aðstæðna. Að efla einstaklinginn, og fjölskyldu hans til að ná sem mestri færni í daglegu lífi og lifa innihaldsríku lífi er áskorun. Þjónusta þarf að vera fjölbreytt, sveigjanleg og fyrst og fremst einstaklings eða fjölskyldumiðuð með skýrum markmiðum og tímaramma.



Skilgreining frá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni um endurhæfingu og heilsufar er höfð að leiðarljósi í starfsemi í þjónustumiðstöðvar Sjálfsbjargar.



Valerie J. Harris

Hjá ÞMS starfa 5 iðjubjálfar, þar af er einn þeirra forstöðumaður, 5 sérhæfðir aðstoðarmenn, og jógakennari (verktaki). Endurhæfing ÞMS liggur að mestu í viðhaldsendurhæfingu. ÞMS veitir 53 skjólstæðingum þjónustu. Af 53 manna hópi sem sækir þjónustu hjá ÞMS eru 13 búsettir á Sjálfsbjargarheimilinu. Aðrir búa í eigin húsnæði á höfuðborgarsvæðinu. Meðalaldur þjónustubeiga var rétt tæp 60 ár árið 2020, sá yngsti er fæddur árið 1995 en sá elsti er fæddur árið 1947.

Langflestir sem sækja um í ÞMS koma í beinu framhaldi af frumendurhæfingu á Grensásdeild Landspítala. Mikil áhersla er lögð á að hafa þjónustuna samfellda svo að einstaklingar eru oft í byrjun 2-3 vikur bæði á Grensásdeild og ÞMS. Dögunum á Grensásdeild fækkar síðan og dögum í ÞMS fjölgar. Þetta fyrirkomulag hefur reynst vel. Aðrir skjólstæðingar koma frá taugasviði Reykjalunds, í gegnum heilsugæsluna og á eigin vegum með stuðningi frá heimilislæknum.

Skjólstæðingsmiðuð þjónusta

Að hafa aðgang að þessari þjónustu eflir og styrkir skjólstæðinga og styður við fjölskyldur. Fagfólk, sem getur gripið inn í þegar færni eða fjölskyldumynstur breytist, getur skipt öllu máli fyrir skjólstæðinga og aðstandendur þeirra. Þjónustan í ÞMS styðst við skjólstæðingsmiðaða þjónustu, en með þeirri þjónustuaðferð tekur skjólstæðingurinn virkan þátt í að efla eigin heilsu og endurhæfingu í samvinnu við fagfólkið sem sýnir þörfum hans og óskum virðingu og skilning. Með því móti er hægt að setja markmið sem leiða til breytinga. Endurhæfingaráætlun með markmið og tímaáætlun eru unnin fyrir hvern og einn og endurmetin á sex mánaða fresti, að lágmarki. Þjónustan er veitt hvar sem hennar er þörf í samfélaginu á forsendum einstaklingsins. Hún er mjög fjölbreytt og miðast við þarfir hvers og eins.

3.7 Þekkingarmiðstöð

Þekkingarmiðstöð Sjálfsbjargar (PMS) var sett á laggirnar árið 2012. Meginhlutverk PMS er að á einum stað sé til staðar yfirsýn yfir þá þjónustu, réttindi og þann aðbúnað sem hreyfihamlað fólk getur nýtt sér í daglegu lífi. Að hafa gott aðgengi að greinargóðum upplýsingum um þessa þætti eflir hreyfihamlað fólk til sjálfstæðs lífs. Þetta er gert með söfnun og miðlun upplýsinga um fyrrnefnd atriði til hreyfihamlaðra, aðstandenda þeirra, fagaðila og almennings. Upplýsingamiðlunin fer fram í gegnum vefsíðu, fésbókina, tölvupóst, síma og á staðnum. Stofnun miðstöðvarinnar rímar við lög um málefni fatlaðra og Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks þar sem bent er á að fötluðu fólk eigi að láta í té aðgengilegar upplýsingar þannig að það hafi frelsi til að taka eigin ákvarðanir, lifa sjálfstæðu lífi og taka fullan þátt í samfélaginu. Hjá Þekkingarmiðstöðinni starfar Davíð Þorsteinn Olgeirsson.

Vefsíða PMS

Þjónusta PMS fer að langmestu leyti fram í gegnum síma og vefsíðu miðstöðvarinnar og má segja að vefsíðan sé hjarta og andlit starfseminnar. Vefsíðan er í stöðugri þróun og uppfærslu og markmiðið er að fólk finni þær upplýsingar sem það leitar að og þurfi því hvorki að hringja, senda póst eða mæta á staðinn. Við sinnum einnig þeim sem ekki leita sér


3.8 Mötuneyti

Garðar Halldórsson matreiðslumeistari er forstöðumaður mötuneytis SBH og stýrir daglegum rekstri þess. Mötuneyti Sjálfsbjargarheimilisins er opið 365 daga á ári og þar er boðið upp á morgunmat, hádegismat, síðdegiskaffi og kvöldmat fyrir íbúa Sjálfsbjargarheimilisins. Að auki sinnir mötuneytið margskonar verkefnum svo sem veislum og stórafmælum, Landsfundi Sjálfsbjargar og fleiri viðburðum. Grunnstarfsemin er þó að sjá íbúum fyrir mat alla daga ársins og þjónustuþegum í Þjónustumiðstöð.

Árið 2020 var mjög sérstakt. Við náðum að halda þorraveislu og kveðjuhóf fyrir Tryggva Friðjónsson sem hafði verið hjá Sjálfsbjargarheimilinu í 30 ár en þá skall á heimsfaraldur Covid-19 sem breytti öllu okkar starfi í eldhúsinu.

Starfsmönnum var skipt í tvær aðskildar vaktir sem hittust ekkert í vinnu eða fyrir utan vinnu. Sumarið var sólríkt og starfsmenn á hæðunum grilluðu sér fyrir sínar deildir. Við gátum ekki haldið okkar árlega jólahlaðborð en höfðum í staðin veislumat fyrir aðskilda hópa.

Við lærðum mikið á þessu ári og breyting sem er komin til að vera er aðgreining hópa í matsal,



upplýsinga á netinu, t.d. eldra fólk og innflytjendum.

Á árinu 2020 voru heimsóknir tæplega 26.000 sem er fækkun frá fyrra ári en þá voru heimsóknir næstum 28.000. Þetta þýðir að 70 heimsóknir per dag alla daga ársins. Er þetta í fyrsta sinn sem heimsóknum fækkar milli ára en allt frá árinu 2014 hafa heimsóknir á vefsíðuna aukist jafnt og þétt.

Hjálpartækjaleiga Sjálfsbjargar

Hjálpartækjaleigan styrktist enn í sessi á árinu og hefur gengið ágætlega. Ýmis hjálpartæki eru til útleigu eins og hjólastólar, rafskutlur, göngugrindur, baðstólar, sliskjur, sjúkrarúm og fleira. Starfsmaður Þekkingarmiðstöðvarinnar annast símsvörun og gerð leigusamninga fyrir Hjálpartækjaleiguna. Vefsíða Hjálpartækjaleigunnar er hjalpartaeki.is og einnig er til Facebook síða.



Garðar Halldórsson

það er að fólk mætir á ákveðnum tíma í mat og yfirgefur svo matsalinn áður en næsti hópur kemur í mat. Á þessu ári var húsinu læst og tel ég það vera til mikilla bóta.

Aðstaða starfsmanna var tekin í gegn á árinu og

tókst sú breyting vel. Veggir voru málaðir, skipt um gardínur og sett inn að hluta til ný húsgögn og eldri notuð sem nutu sín betur í bjartara rými.

Í hverri viku er lögð áhersla á að bjóða upp á grænmetisrétti og framboð á eftirréttum hefur

minnkað en frekar er boðið upp á niðurskorna ávexti í staðinn. Starfsfólk mótuneytis heldur sínu striki, hefur góðan og fjölbreyttan mat á hverjum degi og leggur sig fram um að allir séu ánægðir og glaðir.

3.9 Fasteignausmjón

Óskar Jósef Óskarsson trésmiður er umsjónarmaður fasteignar Sjálfsbjargarheimilisins. Starf umsjónarmanns var fjölbreytt og viðburðaríkt þetta árið. Verkefni eru alltaf ærin og að því sýnist endalaus í fasteign sem er komin til ára sinna.

Unnið var að endurbótum í 5 íbúðum með mismiklu umfangi. Ráðist var í málu á íbúðagöngum í C - álmu og heppnaðist sú framkvæmd einstaklega vel og eru íbúar mjög ánægðir með þessar breytingar. Smekklegir ólíkir pastellitir prýða nú hverja hæð í stað einsleitni sem áður réð ríkjum. Gangar á jarðhæð voru málaðir en þeir voru orðnir lúnir eftir mikla umgengni.

Skipta þurfti um affallslögn í B - álmu sem olli töluverðu raski á öllum hæðum hússins. Skipulagi á skrifstofu var breytt til hagræðis svo stiklað sé á stóru. Tiltekt í húsinu er alltaf á dagskrá og var henni framhaldið eins og fyrri ár. Miklu hefur verið hent af gömlum húsgögnum sem hætt er að nota og léttir það heilmikið að taka til í geymslum sem eru víða í húsinu.

Gaman að segja frá því að Sjálfsbjargarhúsið hefur aðráttarafi fyrir kvikmyndatökur en tvö



Óskar Jósef Óskarsson

kvikmyndafyrirtæki tóku upp myndefni í húsinu í sumar. Myndatökur stóðu yfir í nokkra daga í senn og töluvert umstang fylgdi veru þeirra í húsinu. Meðal annars var tekið upp myndefni í sundlaug. Þetta skemmti íbúum og stóð yfir rétt áður en húsinu var lokað aftur vegna Covid.



Ársreikningur
Sjálfsbjargarheimilisins
2020

Efnisyfirlit

bls.

Skýrsla stjórnar	2 - 3
Áritun endurskoðanda	4 - 5
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymi	8
Skýringar	9 - 12

21

Sjálfbjargarheimilið
Kennitala 500573-0159
Hátún 12, 105 Reykjavík

Skýrsla stjórnar

Meginstarfsemi félagsins

Sjálfsbjargarheimilið var sett á stofn 1973 af Sjálfsbjörg landssambandi hreyfihamlaðra. Á vegum Sjálfsbjargarheimilisins er rekin eftirfarandi þjónusta:

- 1) Heimili fyrir hreyfihamlað fólk, sem þarfnast aðstoðar og stuðnings við athafnir daglegs lífs. Það er ætlað 34 íbúum, þar af tveimur í skammtímadvöl.
- 2) Sjálfstæð búseta með stuðningi. Af 34 íbúum heimilisins búa núna 24 einstaklingar í sjálfstæðri búsetu með stuðningi.
- 3) Þjónustumiðstöð, þar er sinnt fjölbreyttri endurhæfingar- og stuðningsþjónustu. Í þjónustumiðstöð eru 30 rými, sem um það bil 60 einstaklingar nýta hverju sinni. Mikill meirihluti skjólstæðinganna býr utan Sjálfsbjargarhússins.
- 4) Sundlaug er aðgengileg innilaug fyrir íbúa heimilisins, skjólstæðinga þjónustumiðstöðvar og annað hreyfihamlað fólk.
- 5) Þekkingarmiðstöð Sjálfsbjargar safnar og miðlar hagnýtum upplýsingum er gagnast fötluðu fólki um allt land. Þar er einnig sinnt símsvörum fyrir Hjálpartækjaleigu Sjálfsbjargar.
- 6) Mötuneyti er ætlað íbúum Sjálfsbjargarhúss, skjólstæðingum þjónustumiðstöðvar og starfsfólki Sjálfsbjargarheimilisins og Sjálfsbjargar.

Starfsemin á árinu

Framlag ríkisins til rekstursins í fjárlögum 2020 nam 714 milljónum króna og er það 2,9% hækkun frá fyrra ári. Samkvæmt efnahagsreikningi í árslok 2020 námu bókfærðar eignir heimilisins 26 millj. kr. en skuldir 162 millj. kr. Eigið fé samkvæmt efnahagsreikningi var neikvætt um 135 millj.kr. í árslok 2020.

Stöðugildi hjá heimilinu á árinu 2020 voru 54 og launagreiðslur heimilisins námu 565 millj. kr. á árinu.

Með ársreikningi fylgir fimm ára samanburður á rekstrar- og efnahagstólum.

Covid 19 faraldurinn hafði óveruleg áhrif á starfsemi félagsins á árinu 2020. Stjórnendur búast við að áhrifin 2021 verði líka óveruleg.

Fjárhagsleg staða

Rekstur félagsins á árinu 2020 var rekinn með rúmlega 29 milljóna króna hagnaði. Lífeyrisskuldbindingar fyrrverandi starfsmanna hjá Sjálfsbjargarheimilinu við B-deild eldri réttindakerfis LSR - Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, var breytt í ársbyrjun 2016 með samningi um uppgjör lífeyrisskuldbindinga milli ríkissjóðs og Samtökum fyrirtækja í velferðaþjónustu. Uppgjörið var gert með verðtryggðum skuldabréfum útgefnum af Lífeyrissjóði ríkisins með 84 mánaða afborgunum frá apríl 2020 og voru þau færð til skuldar á langtímaskuldir heimilisins. Eignir hvers árs eru gjaldfærðar en safnast ekki upp á efnahagsreikning, en það og uppgreiðsla lífeyrisskuldbindinga hefur neikvæð áhrif á eigið fé heimilisins. Nánar er fjallað um þetta í skýringu 13.

Skýrsla stjórnar frh.

Samþykkt ársreiknings

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við bókhald heimilisins, í samræmi við lög um ársreikninga og lög um fjárreiður ríkisins. Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra Sjálfsbjargarheimilisins er það álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu, efnahag þess á árinu 2020 og breytingum á handbæru fé á árinu 2020. Allar skuldbindingar heimilisins koma fram í ársreikningnum. Engir tengdir aðilar hafa áhrif á rekstur heimilisins, ef frá er talin notkun Sjálfsbjargarheimilisins á húsnæði Sjálfsbjargar landsambands hreyfihamlaðra.

Ársreikningur heimilisins er lagður fram á ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra Sjálfsbjargarheimilisins.

Reykjavík, 25. maí 2021

Stjórn: *Bergur Þorir Benjónsson* Framkvæmdastjóri:

Jón H. Jónsson

Þórunn Þórunn.

*Olafía Óst Ruvölfur
Margrét S. Jónsdóttir
Sigrún S. Simeon
Asta Þórunn Skjalddal
Margrét Lilja Aðalsteinsd.*

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með álitum okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á ársreikningnum.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir álitum okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits heimilisins.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi heimilisins eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi þess. Ef við teljum að veruleg óvissa ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í ársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausum álitum. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að heimilið verði ekki lengur rekstrarhæft.

Metum framsetningu, gerð og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirliggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka í innra eftirliti ef við á.

Reykjavík, 25. maí 2021.

PricewaterhouseCoopers ehf.

Ljósbrá Baldursdóttir

Ljósbrá Baldursdóttir
löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2020

	Skýringar	2020	2019
Rekstrartekjur			
Ríkisframlag		714.300.000	694.200.000
Aðrar rekstrartekjur		24.445.194	28.651.113
	4	<u>738.745.194</u>	<u>722.851.113</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	5	564.781.858	548.357.608
Annar rekstrarkostnaður		136.417.186	142.844.763
		<u>701.199.044</u>	<u>691.202.371</u>
Rekstrarhagnaður		37.546.150	31.648.742
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Hreinar fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)	6	(8.822.776)	(7.164.524)
		<u>(8.822.776)</u>	<u>(7.164.524)</u>
Hagnaður ársins		<u><u>28.723.374</u></u>	<u><u>24.484.218</u></u>

25

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

Eignir	Skýringar	2020	2019
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	8	2.181.790	3.133.126
Birgðir	7	2.916.683	2.815.554
Handbært fé	9	21.054.410	25.643.857
		<u>26.152.883</u>	<u>31.592.537</u>
Eignir samtals		<u>26.152.883</u>	<u>31.592.537</u>
 Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Ójafnað tap	10	<u>(135.714.605)</u>	<u>(164.437.979)</u>
		(135.714.605)	(164.437.979)
Skuldir			
Skuldir í íslenskum krónum	11	<u>80.776.396</u>	<u>111.637.706</u>
		80.776.396	111.637.706
Skammtímaskuldir:			
Viðskiptaskuldir		9.852.904	11.627.217
Næstaárs afborganir langtímaskulda	11	16.155.279	13.396.525
Aðrar skammtímaskuldir		54.898.560	57.377.030
Skuld við tengda aðila	12	<u>184.349</u>	<u>1.992.038</u>
		81.091.092	84.392.810
Skuldir samtals		161.867.488	196.030.516
Eigið fé og skuldir samtals		<u>26.152.883</u>	<u>31.592.537</u>
Aðrar upplýsingar	13, 14		

26

Sjóðstreymi ársins 2020

	Skýringar	2020	2019
Hagnaður ársins		28.723.374	24.484.218
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Verðbætur og gengismunur langtímaskulda	11	<u>2.644.513</u>	<u>3.098.052</u>
		31.367.887	27.582.270
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		951.336	503.867
Birgðir		(101.129)	(55.919)
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		<u>(4.252.784)</u>	<u>16.784.134</u>
		(3.402.577)	17.232.082
Handbært fé frá rekstri		<u>27.965.311</u>	<u>44.814.352</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Afborganir langtímalána		(30.747.069)	0
Tengdir aðilar, breyting		(1.807.689)	(3.121.100)
Skammtímalán við banka, breyting ársins		<u>0</u>	<u>(16.927.965)</u>
		(32.554.758)	(20.049.065)
(Lækkun) hækkun á handbæru fé		(4.589.447)	24.765.287
Handbært fé í byrjun árs	9	<u>25.643.857</u>	<u>878.570</u>
Handbært fé í árslok		<u><u>21.054.410</u></u>	<u><u>25.643.857</u></u>

27

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Sjálfbjargarheimilið var sett á stofn árið 1973 af Sjálfbjörg landssambandi hreyfihamlaðra. Sjálfbjargarheimilið rekur m.a. heimili fyrir hreyfihamlað fólk, þjónustumiðstöð, sundlaug, þekkingarmiðstöð og mótuneyti fyrir íbúa Sjálfbjargarheimilisins.

2. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settur fram í íslenskum krónum. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem eru þær sömu og árið á undan. Ársreikningurinn er gerður miðað við áframhaldandi starfsemi.

Upplýsingar um reikningsskilaaðferðir helstu liða er að finna í viðeigandi skýringum.

3. Samanburðarfjárhæðir

Þar sem það hefur átt við hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

4. Innlausn tekna

Stærstu tekjuliður heimilisins eru framlög frá ríkinu samkvæmt fjárlögum. Framlögin greiðast mánaðarlega í jöfnum fjárhæðum. Aðrar tekjur félagsins felast fyrst og fremst í sölu á þjónustu og mat í Hátúni 12.

Vörusala

Tekjur af vörusölu eru færðar við afhendingu.

Sala á þjónustu

Tekjur af veittri þjónustu eru færðar á því tímabili þegar þjónustan er veitt.

5. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld ársins sundurliðast þannig:	2020	2019
Laun	447.974.698	427.795.143
Mótframlag í lífeyrissjóð	72.466.613	74.772.860
Önnur launatengd gjöld	44.340.547	45.789.605
	<u>564.781.858</u>	<u>548.357.608</u>

Fjöldi ársverka á reikningsárinu voru 54 (2019: 54).

Skýringar

6. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

	Banka- reikningar	Langtíma- eign / skuld	Aðrir liðir	Samtals 2020	Samtals 2019
Vaxtatekjur og verðbætur	275.611	0	118.974	394.585	785.136
Vaxtagjöld og verðbætur	0	(9.054.327)	(163.034)	(9.217.361)	(7.949.660)
	275.611	(9.054.327)	(44.060)	(8.822.776)	(7.164.524)

7. Birgðir

Birgðir greinast þannig:	2020	2019
Matvælabirgðir	2.916.683	2.815.554
	2.916.683	2.815.554

Birgðir eru metnar á kostnaðarverði eða dagverði sé það lægra.

8. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur greinast þannig:	2020	2019
Viðskiptakröfur	1.268.593	1.543.676
Aðrar skammtímakröfur	913.197	1.589.450
	2.181.790	3.133.126

9. Handbært fé

Handbært fé samkvæmt efnahagsreikningi og sjóðstreymi samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

10. Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

	Ójafnað tap
Hreyfingar 2019:	
Staða í ársbyrjun	(188.922.197)
Hagnaður ársins	24.484.218
Staða í árslok	(164.437.979)
Hreyfingar 2020:	
Staða í ársbyrjun	(164.437.979)
Hagnaður ársins	28.723.374
Staða í árslok	(135.714.605)

Skýringar

11. Langtímaskuldir

	2020	2019
Skuldir í íslenskum krónum:		
Verðtryggðar skuldir. Vextir 3,7%	96.931.675	125.034.231
	<u>96.931.675</u>	<u>125.034.231</u>
Langtímaskuldir samtals	<u>96.931.675</u>	<u>125.034.231</u>

Framangreind vaxtahlutföll eru vegnir meðalvextir viðkomandi lánaflokka í samræmi við vaxtakjör lána í árslok. Lánið er tilkomnið vegna uppgjörs á lífeyrisskuldbindingum heimilisins.

Afborganir af langtímaskuldum heimilisins í árslok 2020 greinast þannig á næstu ár:

Árið 2021	16.155.279
Árið 2022	16.155.279
Árið 2023	16.155.279
Árið 2024	16.155.279
Síðar	16.155.279
	<u>80.776.396</u>

Langtímaskuldir samtals kr. 80.776.396, koma þannig fram í efnahagsreikningi:

Afborganir ársins 2021, færðar meðal skammtímaskulda	16.155.279
Afborganir með gjalddaga eftir eitt ár eða síðar	64.621.117
	<u>80.776.396</u>

12. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar Sjálfsbjargarheimilisins eru Sjálfsbjörg landssamband hreyfihamlaðra, framkvæmdarstjórn samtakanna og aðrir lykilstarfsmenn. Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

	2020	2019
Tekjur	1.014.246	1.589.657
Gjöld	14.196.486	13.647.851
<i>Skuldir við tengda aðila</i>		
Sjálfsbjörg landssamband hreyfihamlaðra	184.349	1.992.038

30

Skýringar

13. Fjárhagsleg staða

Í árslok 2020 var eigið fé Sjálfsbjargarheimilisins neikvætt um 135 millj. kr. Skuldir heimilisins nema samtals 162 millj. kr., þar af eru langtímaskuldir 81 millj. kr. og skammtímaskuldir 81 millj. kr. Veltufjárhlutfall er 0,32. Eins og fram kemur í skýringu 11 eru langtímaskuldir tilkomnar vegna uppgjörs á lífeyrisskuldbindingum heimilisins.

Þrátt fyrir lágt veltufjárhlutfall og neikvætt eigið fé telur stjórn Sjálfsbjargarheimilisins að í ljósi ríkisframlags og annarra fjármögnunarmöguleika sé ekki hættá á greiðslufalli hjá heimilinu í nánustu framtíð.

14. Fimm ára yfirlit

Fimm ára yfirlit félagsins greinist þannig:

	2020	2019	2018	2017	2016
Rekstur					
Ríkisframlag	714.300	694.200	670.400	641.500	605.500
Aðrar tekjur	24.445	28.651	29.405	28.242	27.742
Rekstrartekjur	738.745	722.851	699.805	669.742	633.242
Rekstrargjöld	(701.199)	(691.202)	(696.060)	(688.400)	(644.402)
Hagnaður f. fjárm.liði	37.546	31.649	3.746	(18.658)	(11.160)
Fjármagnsliðir	(8.823)	(7.165)	(7.610)	(5.793)	1.218
Hagnaður (tap) ársins	28.723	24.484	(3.864)	(24.451)	(9.942)
Efnahagur					
Veltufjármunir	26.153	31.593	7.275	7.574	39.968
Eignir samtals	26.153	31.593	7.275	7.574	39.968
Eigið fé	(135.715)	(164.438)	(188.922)	(185.058)	(160.608)
Skuldbindingar	0	0	0	0	125.537
Langtímaskuldir	80.776	111.638	121.936	118.309	0
Skammtímaskuldir	81.091	84.393	74.261	74.324	75.038
Eigið fé og skuldir	26.153	31.593	7.275	7.574	39.968

31

